Ed. **636. Frumvarp til laga** [293. mál]

um kjördag við kosningar til Alþingis 1971.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

Almennar kosningar til Alþingis 1971 skulu fara fram sunnudaginn 13. júní 1971.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 57. gr. laga um kosningar til Alþingis skulu almennar reglulegar kosningar til Alþingis fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði, og ættu kosningar til Alþingis á næsta sumri því að fara fram 27. júní næstkomandi. Hins vegar þykir henta, að kosningar fari fram fyrr, þ. e. 13. júní næstkomandi, og er frumvarp þetta flutt því til staðfestingar.